



Skýrsla Námsstyrkjanefndar 2013

Eiríkur Örn Arnarson
5. september 2014

Frá árinu 2001 hefur starfsemi Námsstyrkjanefndar einkum falist í að velja íslenska umsækjendur til að sækja um Friðarstyrki Rótarýsjóðsins. Þetta eru sérstakir tveggja ára meistaranámsstyrkir, bundnir sex virtum háskólum í Bandaríkjunum, Evrópu, Japan og Ástralíu, sem bjóða upp á sérsniðnar námsbrautir með friðarhugsjónir Rótarýhreyfingarinnar í huga.

Hvert hinna 530 Rótarýumdæma má senda eina umsókn, en árlega eru veittir 50-70 styrkir. Styrkirnir eru alþjóðlegir samkeppnistyrkir og ekki tengdir framlögum einstakra umdæma í Rótarýsjóðinn. Lokaval styrkþega er alfarið í höndum úthlutunarnefndar í aðalstöðvum Rótarýsjóðsins og þær umsóknir sem hljóta náð hafa farið í gegnum mjög strangt ferli. Styrkirnir eru mjög veglegir og hluti af s.n. „Rotary Peace Centers for International Studies in Peace and Conflict Resolution Program“. Veittir eru styrkir til tveggja ára meistaranáms, sem standa undir skólagjöldum, húsnæði, fæði, bókum og ferðum. Styrkjunum hefur verið úthlutað alls tólf sinnum og hefur vakið athygli hversu vel íslensku umsækjendunum hefur vegnað, en þeir hlutu styrk samfleytt í ellefu skipti.

Íslensku friðarstyrkþegarnir eru allt stúlkur og eru þær eftirtaldar: Helga Bára Bragadóttir (2002), Helga Þórólfsdóttir (2003), Rún Ingvarsdóttir (2004), Ólöf Magnúsdóttir, (2005), Gerður Gestsdóttir (2006), Pálín Dögg Helgadóttir (2007), Fanney Karlsdóttir (2008), Pálína Björk Matthíasdóttir (2009), Erla Sigurlaug Sigurðardóttir (2010), Sólveig Björk Sveinbjörnsdóttir (2011) og Jórunn Edda Helgadóttir (2013).

Friðarstyrkirnir eru auglýstir til umsóknar í febrúar-mars á hverju ári. Auglýsingar eru sendar til klúbbana, birtar í fréttabréfum umdæmisstjóra, í dagblöðum og sendar til háskóla, hjálparstofnana og ráðuneyta. Námsstyrkjanefnd hefur gengið frá vali á hæfasta einstaklingnum úr hópi þeirra, sem sóttu um Friðarstyrk 2015. Umsóknin fór frá nefndinni í lok júní sl. og mun koma í ljós í nóvember hvort viðkomandi hlýtur styrk.

Rótarýsjóðurinn veitir einnig eins árs styrki til háskólanáms (Ambassadorial Scholarships) og höfðu um 40 íslenskir námsmenn hlotið slíka styrki þegar úthlutunarreglum sjóðsins var breytt 1992 þannig að styrkveitingar eru nú háðar framlögum umdæma í Rótarýsjóðinn. Íslenska umdæmið hefur því flutt áhersluna frá almennum námsstyrkjum yfir á hjálparstarf og hafa almennu námsstyrkirnir ekki verið veittir íslensku námsfólki frá 1997.

Þá veitir Rótarýsjóðurinn styrki til háskólakennaraskipta (Rotary Grants for University Teachers) er miðast við akademískt ár, venjulega 9 mánuði. Lögð er áhersla á dvöl háskólakennara í þróunarlöndum. Slíkir styrkir hafa ekki verið veittir hér á landi.

Nánari upplýsingar um styrki Friðarstyrk Rótarýsjóðsins:

<http://www.rotary.is/umrotary/verkefni/namsstyrkir/fridarstyrkir/>

<https://www.rotary.org/myrotary/en/get-involved/exchange-ideas/peace-fellowships>

Námsstyrkjanefnd skipa Guðjón Magnússon, (Rótarýklúbbnum Borgum, Kópavogi), Margrét Halldórsdóttir, (Rótarýklúbbnum Borgum, Kópavogi), Sesselja Ómarsdóttir (eRótarí Ísland) og Eiríkur Örn Arnarson (Rótarýklúbbnum Reykjavík-Miðbær), sem er formaður.